

FW: Bætt aðstaða við sjóbaðströndina í Sjólandshverfinu

Til : Ragnheiður Stefánsdóttir
Frá : Kristjana Kjartansdóttir
Heiti : FW: Bætt aðstaða við sjóbaðströndina í Sjólandshverfinu
Málsnúmer : 1505105
Málsaðili : Bergþóra Bergsdóttir
Skráð dags : 12.05.2015 08:25:07
Höfundur : Kristjana Kjartansdóttir

From: Bergthora Bergsdottir [mailto:bbergsdottir@gmail.com]

Sent: 11. maí 2015 23:50

To: Garðabær

Subject: Bætt aðstaða við sjóbaðströndina í Sjólandshverfinu

Til bæjarstjórnar Garðabæar
Vegna sjóbaðstrandarinnar í Sjólandshverfinu

Hér með óskum við, íbúar að Löngulínu 27 í íbúð 202, eftir því við bæjarstjórn Garðabæjar að það beiti sér fyrir því að sett verði upp salernisaðstaða við sjóbaðströndina í Sjólandshverfinu fyrir hina fjölmörgu gesti sem koma á ströndina á hverju sumri. Ekki þarf að fjölyrða um ástæður þessarar beiðni.

Einnig er óskað eftir því að við sama tækifæri verði sett upp skolaðstaða þannig að gestir geti skolað af sandblautum fótum áður en stigið er inn í bíla eða gengið inn í hús.

Garðabæ væri sómi að boðlegri aðstöðu við hina einstaku sjóbaðströnd þar sem gera má ráð fyrir að flestir gestir séu Garðbæingar.

Með góðum kveðjum og von um framkvæmdir sem allra fyrst,
Bergþóra Bergsdóttir og Ingunn Guðmundsdóttir